

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, efnalögum nr. 61/2013, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Einnig er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þjónustu sem er í verkahring heilbrigðiseftirlits að veita skv. ofangreindum lögum.

2. gr.

Tímagjald fyrir þjónustu er	kr. 14.280
Gjald fyrir rannsókn á einu sýni skv. eftirlitsáætlun er	kr. 18.360
Gjald vegna heildarefnagreiningar neysluvatns er	kr. 512.000

Aðildarsveitarfélögin sjá um innheimtu eftirlitsgjalda vegna reglubundins eftirlits skv. viðauka með gjaldskrá þessari. Þar kemur jafnframt fram áætlun um tíðni eftirlits.

Unnt er að sækja um lákkun gjalda ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur rekið vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um. Ef heilbrigðisnefnd fellst á slíka lákkun er henni heimilt að draga úr eftirliti frá sama tíma.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi á einum og sama stað er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald. Þá er áætlaður tími fyrir hvorn fyrirtækjaflokk lagður saman en einungis eitt akstursgjald tekið enda sé eftirlitsferð samnýtt.

3. gr.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis sér um gjaldtöku vegna útgáfu leyfa og vottorða og vegna eftirlits umfram áætlun sem og þjónustuverkefna sem til falla.

Fyrir nýtt starfsleyfi eða eftir atvikum skráningu greiðast kr. 36.700 auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á, heilbrigðisnefnd er jafnframt heimilt að innheimta reiknað tímagjald vegna vinnu við gerð sértækra starfsleyfisskýrða vegna starfsemi sem fellur undir reglugerð nr. 785/1999.

Fyrir endurnýjun starfsleyfis greiðast kr. 29.600 auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á.

Fyrir auglýsingu starfsleyfis á vef heilbrigðiseftirlits greiðast kr. 14.280.

Fyrir önnur leyfi s.s. tóbaksleyfisgjöld greiðast kr. 36.700.

Fyrir vottorð og umsagnir skv. fyrirliggjandi gögnum greiðast kr. 27.500.

Fyrir húsnæðisskoðun greiðast kr. 36.700 en Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis er þó heimilt að lækka eða fella það niður. Fyrir ítarlega húsnæðisskoðunarskýrslu er greitt skv. tímagjaldi.

Fyrir markaðs og götusölu greiðast kr. 24.500 en Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

Sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknarstofu hærri en sem nemur gjaldi heilbrigðiseftirlits fyrir rannsókn skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35% umsýslugjaldi og akstursgjaldi skv. útreikningi fjármála- og efnahagsráðuneytis ef ekki er unnt að samnýta ferðina.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum umfram það sem fram kemur í eftirlitsáætlun ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekinn í notkun eða vegna kvartana. Nefndin innheimtir þá gjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Starfsemi sem er eftirlitsskyld en er ekki á lista í viðauka greiðir eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykktá sem settar eru samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru gjaldfærð eins og um þjónustuverkefni sé að ræða nema um annað hafi verið samið. Fyrir þjónustuverkefni er rukkað tímagjald.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og XI. kafla laga nr. 92/1995 um matvæli með síðari breytingum skal heilbrigðisnefnd innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

4. gr.

Heimilt er að fella starfsleyfi fyrir starfsemi úr gildi ef eftirlitsgjöld skv. 2. gr. eru ekki greidd að undangengnum tilhlýðilegum fresti. Séu gjöld skv. 3. gr. ekki greidd fellur starfsleyfið sjálfkrafa úr gildi. Sama á við ef starfsemi hefur ekki hafist einu ári frá útgáfu leyfis og ef starfsemi hefur legið niðri í tvö ár samfelld.

5. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af heilbrigðisnefnd með heimild í 46. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og 8. gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1391/2019 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Mosfellsbæ, 1. desember 2020.

F.h. heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis,

Árni Davíðsson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ísat-númer	Heiti atvinnustarfsemi	Tíðni	Gjald kr.
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	0,25	11.603
90.00.0.3	Aðrar skólphreinsistöðvar	1	50.490
01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði	0,5	52.275
15.12.0.0	Alifuglasláturhús	2	164.220
52.31.0.0	Apótek	0,5	33.915
52.25.0.0	Áfengisverslun	0,5	30.345
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	39.525
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	77.010
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	1	100.470
15.81.0.4	Bakarí, stórt	2	186.660
50.50.0.1	Bensínstöðvar, mannaðar	1	121.890
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	1	86.190
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	0,5	27.795
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	0,5	43.095
50.20.0.4	Bifreiðaréttingar	0,5	19.635
50.20.0.3	Bifreiðasprautun	0,5	26.775
50.30.0.2	Bílapartasölur	1	53.550
15.96.0.0	Bjórgerð, lítil	1	60.690
28.52.0.1	Blikksmiði	0,33	15.315
50.20.0.6	Bón- og bílaþvottur, handvirk	0,33	15.315
50.20.0.5	Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	0,5	43.095
37.20.0.2	Brennur, endurvinnsla úrgangs	0,5	39.270
85.32.1.1	Dagmömmur með > 6 börn	0,25	15.173
92.34.0.1	Dansskólar	0,25	11.603
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili	0,5	26.775
01.42.0.5	Dýragarður	0,5	26.775
01.42.0.3	Dýragæsla	0,25	11.603
85.20.0.2	Dýralæknastofa	0,5	23.205
01.42.0.4	Dýrasnyrtistofur	0,25	11.603
85.20.0.3	Dýraspítalar	0,5	30.345
01.24.0.2	Eggjabú	0,5	48.705
85.11.3.0	Endurhæfing	0,5	48.195
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,25	11.603
52.23.0.1	Fiskbúð	1	79.050
63.23.0.1	Flugvöllur, lítill	0,33	31.809
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	0,5	23.205
80.21.0.1	Framhaldsskóli	0,5	48.195
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,5	23.205
10.31.0.0	Framleiðsla á kartöflufloögum, lítil	1	60.690
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasi	1	60.690
15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	1	39.270
15.91.0.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja, lítil	1	60.690
24.20.0.1	Garðaúðun	0,5	23.205
90.00.0.4	Gámastöð	0,5	28.560
50.30.0.1	Geymslusvæði	0,5	33.915
55.12.0.1	Gististaður, lítill	0,25	11.603
55.12.0.2	Gististaður, miðlungs	0,5	26.775
55.12.0.3	Gististaður, stór	1	67.830
80.10.0.1	Grunnskólar	0,5	48.195

Ísat-númer	Heiti atvinnustarfsemi	Tíðni	Gjald kr.
85.32.2.3	Gæsluvellir og opin leiksvæði	0,5	23.205
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur og snyrtistofur	0,5	23.205
51.31.0.1	Heildverslun, lítil	0,5	23.205
51.31.0.2	Heildverslun, miðlungs	0,5	41.055
51.31.0.3	Heildverslun, stór	1	186.150
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar	0,5	26.775
85.31.4.0	Heimili fyrir fatlaða, lítið	0,25	15.173
85.31.4.3	Heimili fyrir fatlaða, stórt	0,5	44.625
40.10.0.2	Hítaveita úr lághita	0,33	24.740
01.42.0.1	Hundahótel	0,25	11.603
85.14.9.4	Húðflúrstofur	1	46.410
85.14.9.5	Húðgötun	0,5	23.205
92.61.0.4	Íþróttahús, lítil	0,5	23.205
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	0,5	30.345
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	74.970
92.61.0.8	Íþróttavellir	0,25	9.818
37.20.0.4	Jarðboranir	1	39.270
85.14.9.3	Jógastofur, heilun o.fl.	0,25	11.603
55.40.0.0	Kaffihús eða krá, lítil	0,5	32.385
55.40.0.2	Kaffihús eða krá, stór	1	102.510
55.40.0.1	Kaffihús eða krá, miðlungs	1	64.770
92.62.2.0	Kappaksturs- og æfingabraut	1	53.550
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	9.818
85.14.9.2	Kirópraktor	0,25	11.603
15.13.0.4	Kjöttvinnsla með reykingu, lítil	1	86.190
15.13.0.1	Kjöttvinnsla, lítil	1	71.910
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,5	30.345
92.31.0.1	Leikhús	0,5	19.635
85.32.2.1	Leikskólar	0,5	48.195
17.30.0.1	Litun og bleiking < 10 tonn á dag	1	100.470
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar, litlar	0,5	23.205
93.04.0.3	Líkamsræktarstöðvar, stórar	1	60.690
01.25.2.0	Loðdýrabú	0,5	52.275
85.12.2.1	Læknastofur án aðgerðarýmis	0,25	8.033
14.21.0.0	Malar- og sandnám; vikunám	0,33	22.384
52.62.0.1	Markaður, lítill	0,5	23.205
52.62.0.2	Markaður, miðlungs	1	60.690
52.62.0.3	Markaður, stór	2	135.660
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir	1	64.770
55.30.1.2	Matsölustaðir, miðlungs	1	86.190
55.30.1.3	Matsölustaðir, stórir	1	125.970
55.30.1.7	Matsöluvagn, lítill	0,5	32.385
55.30.1.8	Matsöluvagn, stór	1	64.770
52.11.2.4	Matvöruverslun, lítil	1	46.410
52.11.2.5	Matvöruverslun, miðlungs	1	60.690
52.11.2.6	Matvöruverslun, stór	1	100.470
35.11.0.1	Málmsmiðja	0,5	30.345
20.20.0.2	Meindýravarnir	0,33	17.672
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	1	96.390
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	1	110.670
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	1	46.410

Ísat-númer	Heiti atvinnustarfsemi	Tíðni	Gjald kr.
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	1	67.830
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	1	100.470
55.51.0.4	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	0,5	23.205
55.51.0.5	Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	1	46.410
55.51.0.6	Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	1	79.050
45.11.0.1	Niðurrif húsa undir 250 m ²	1	35.700
45.11.0.2	Niðurrif húsa yfir 250 m ²	1	53.550
93.04.0.9	Nuddstofur	0,25	11.603
25.21.0.1	Plastiðnaður	1	74.970
22.22.9.2	Prentiðnaður	0,33	22.384
92.62.0.1	Reiðhöll	0,25	9.818
92.72.0.1	Reiðskólar og hestaleigur	0,5	23.205
50.20.0.8	Ryðvarnarverkstæði	1	46.410
01.12.1.0	Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla	0,5	41.565
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	1	55.590
55.52.0.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	1	86.190
55.52.0.3	Sala á tilbúnum mat, stór	2	172.380
52.11.3.3	Sala á tóbaki	0,5	23.205
15.33.0.2	Salatgerð	1	104.550
55.40.0.3	Samkomusalur, lítill	0,25	11.603
55.40.0.4	Samkomusalur, miðlungs	0,5	30.345
55.40.0.5	Samkomusalur, stór	1	60.690
58.51.3.9	Sandblástur	0,33	12.959
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,5	23.205
55.30.2.1	Skemmtistaðir	1	60.690
85.32.3.2	Skóladagheimili	0,5	30.345
90.00.0.2	Skólphreinsistöðvar og/eða fráveita 2.000-10.000 pe og afrennsli til strandsjávar	1	690.030
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,33	14.137
50.20.0.7	Smurstöðvar	1	55.590
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,5	23.205
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla, lítil	0,5	26.775
24.52.0.2	Snyrtivöruframleiðsla, stór	1	143.310
90.00.0.7	Sorpflytningar og sorphirða	1	60.690
93.04.0.8	Sólbaðstofur	1	46.410
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,33	24.740
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum	1	110.670
85.31.5.2	Stofnanir fyrir áfengissjúklinga	0,25	18.743
52.11.1.2	Stórmarkaðir > 400 m ² , án matvælavinnslu	2	194.820
52.11.1.1	Stórmarkaðir > 400 m ² , með matvælavinnslu	3	292.230
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð	0,5	26.775
85.31.1.2	Sumarbúðir fyrir börn	0,5	45.135
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	1	119.850
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	2	202.980
92.61.0.3	Sundstaðir, stórir	3	359.550
15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	79.050
52.11.3.1	Söluturn	0,5	23.205
52.11.3.2	Söluturn með óvarin matvæli	1	73.950
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,5	33.915
15.86.0.0	Te- og kaffi framleiðsla	1	39.270
55.22.0.2	Tjald- og gistivagnastæði, miðlungs	0,5	30.345
55.22.0.3	Tjald- og gistivagnastæði, stórt	1	60.690

Ísat-númer	Heiti atvinnustarfsemi	Tíðni	Gjald kr.
55.22.0.1	Tjald- og gistivagnastæði, lítið	0,25	11.603
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,25	11.603
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði	0,33	15.315
41.00.0.7	Vatnsveitur < 151 íbúa eða matvælaframleiðsla	1	64.770
41.00.0.5	Vatnsveitur 1.001-5.000 íbúa	4	463.080
41.00.0.8	Vatnsveitur 151-500 íbúa	1	57.630
41.00.0.4	Vatnsveitur 5.001-10.000 íbúa	5	964.410
41.00.0.6	Vatnsveitur 501-1.000 íbúa	1	112.710
41.00.0.9	Vatnsveitur til einkanota	0,5	41.565
26.82.9.1	Verkstæðisaðstaða verktaka	1	110.670
29.11.0.0	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5	19.635
50.20.0.9	Viðgerðaraðstaða eigin véla	0,5	16.065
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	0,5	21.420
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	1	67.830
85.31.3.0	Þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara	0,5	23.205
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,33	15.315
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	0,25	11.603
52.27.0.0	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	0,5	33.915

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2020